

**232. fundur íþróttá- og tómstundanevndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn**  
**31. ágúst 2022 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir formaður, Jónína Eyja Þórðardóttir varaformaður, Wojciech Wielgosz aðalmaður og Þráinn Ágúst Arnaldsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Þorleifur Ingólfsson boðaði forföll og varamaður komst ekki í hans stað. Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar - 2014030027**

Lagður fram verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar. Jafnframt kynnrir Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, hlutverk nefndarinnar og fer yfir siðareglur.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Endurskoðun erindisbréfa nefnda Ísafjarðarbæjar 2022 - 2021050007**

Lagt fram erindisbréf íþróttá- og tómstundanevndar Ísafjarðarbæjar.

*Erindisbréf fyrir íþróttá- og tómstundanevnd lagt fram til kynningar. Nefndin samþykkir að Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, verði ritari nefndarinnar og að fundir verði haldnir 1. og 3. miðvikudag í mánuði kl.8:15.*

**3. Framkvæmdaáætlun 2023 til 2033 - 2022050016**

Lögð fram drög að framkvæmdaáætlun Ísafjarðarbæjar 2023-2033, þar sem óskað er eftir tillögum frá íþróttá- og tómstundanevnd um verkefni og markmið í íþróttá- og tómstundamálum í sveitarfélaginu.

Jafnframt er lagt fram til kynningar minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 29. ágúst 2022, vegna tillagna til nefndarinnar vegna framkvæmdaáætlunar.

*Íþróttá- og tómstundanevnd felur starfsmanni nefndarinnar að vinna málið áfram.*

**4. Gjaldskrár 2023 - 2022050015**

Lögð fram gjaldskrá fyrir íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar 2023, vegna endurskoðunar fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2021.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

**5. Frisbígolfvöllur - 2022080054**

Lagt fram erindi Hákons Dags Guðjónssonar, dags. 19. ágúst 2022, varðandi uppsetningu á frisbígolfvelli í Skutulsfirði. Jafnframt er lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómslundasviðs.

*Íþróttá- og tómslundanefnd felur starfsmanni nefndarinnar að setja sig í samband við bréfitara til að koma málinu áfram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:50**

---

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

---

Jónína Eyja Þórðardóttir

---

Wojciech Wielgosz

---

Þráinn Ágúst Arnaldsson

---

Hafdís Gunnarsdóttir